

6. fundur Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn, 11. mars og hófst kl. 17:00.

Mætt eru: Sverrir Möller, Ævar Marinósson, Maríus Halldórsson og Sigríður Ósk Indriðadóttir.

1. Fjallskil.

Landbúnaðarnefnd leggur til við sveitarstjórn að notuð verði 19.gr fjallskilasamþykktar sem segir: “Heimilt er þó að leggja allt að einn þriðja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda. Ef heimild þessi er notuð skal vera sama álagningarhlutfall á landverð allra jarða, óháð búfjáreign á hverri jörð”. Leggjum við til að þessi innheimta fari fram með fasteignagjöldum, enda í sumum sveitarfélögum kölluð fasteignaskattsleiðin. Jafnframt leggur Landbúnaðarnefnd til að tekin verði upp gjaldtaka af fé sem smalast úr nágrennasveitarfélögum, og að það gjald verði í samræmi við álagningu á hverja kind í Langanesbyggð.

2. Vegamál.

Landbúnaðarnefnd leggur til að sveitarstjórn sækji tímanlega um styrkvegafé og að farið verði næst í Tunguselshéiði. Einnig að ráðinn verði verktaki tímanlega. Hvetjum við sveitarstjórn til að ræða við Vegagerðina um að breyta flokkun á vegi frá Skoruvík út á Font úr styrkveg í landsveg, þar sem þessi vegleið er ekin óhóflega miðað við styrkveg. Mjög brýnt er einnig að grjóttýna veginn upp á Heiðarfjall þar sem hann er farinn að valda ferðamönnum tjóni. Spurning er hvort ekki sé ástæða til að skipa umsjónarmenn með styrkvegum til að sem skynsamlegast sé farið með féð. Beinum við því til sveitarstjórnar að hvetja Vegagerð til að gera við vorskemmdir á vegi út á Langanes strax og fært verður, en ekki að draga það fram í ágúst líkt og tíðkast hefur.

3. Reiðvegir.

Mjög brýnt er að haldið verði áfram með reiðveg frá Sætúni að Hafralónsá. Einnig vonumst við til að haldið verði áfram að endurgera gömlu póstleiðina út Holtið milli Þórshafnar og Sauðaness. Fjármögnun á þessum leiðum hefur hingað til verið í höndum hestamannafélagsins, en finnst okkur að sveitarfélagið ætti að taka þátt í þessari fjármögnun.

4. Dagskrá næsta fundar:

Umhverfismál.

Refa-og minkaveiði.

Fundi slitið kl. 18:30